




## Mál: Elliðaárdalur - athafnasvæði hestamanna - breyting á deiliskipulagi - Faxaból 12

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. maí 2024 var lögð fram fyrirspurn Halldóru Narfadóttur, dags. 30. apríl 2024, ásamt bréfi Halldóru Narfadóttur, dags. 30. apríl 2024, um breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals, athafnasvæðis hestamanna, vegna lóðarinnar nr. 12 við Faxaból sem felst í að stoðveggur sem hefur verið reistur á lóðarmörkum verði færður inn í deiliskipulagið. Einnig eru lagðar fram ljósmyndir.



### Greinagerð með umsókn:

Óskað er eftir heimild til að láta breyta deiliskipulaginu þannig að stoðveggur sem hefur verið reistur, með samþykki þinglýstra eigenda að eigninni Vatnsveituvegi Fákur F12, verði færður inn á deiliskipulagið. Um er að ræða alls 40 metra langan steyptan stoðvegg, ca. 3m á hæð þar sem hann er hæstur. Ofan á veggnum er reist 2m há vírnetsgirðing.

### Umsögn:

Samkvæmt fundargerð Fáks „Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 8. nóvember 2023“ hefur leyfi fyrir framkvæmdinni verið dregin til baka. Þegar óskað er eftir breytingum á deiliskipulagi skal ávalt fylgja með samþykki frá lóðarhafa.

#### 2. Framkvæmdir í Faxabóli 12

Tekið var fyrir mál frá síðasta fundi varðandi framkvæmdir við Faxaból 12.

Stjórn fór yfir mál og erindi tengd fyrirhuguðum framkvæmdum við Faxaból 12. Fákur fékk afrit af bréfi frá byggingarfulltrúanum í Reykjavík 17. október síðastliðinn um að framkvæmdum við Faxaból 12 skuli stöðvaðar.

Í ljósi ofangreindra staðreynda aturkallar stjórn Fáks vilyrði sitt fyrir framkvæmdum því ekki var farið eftir þeim fyrirvara sem settur var í afgreiðslu stjórnar þann 18. apríl 2023.

Að auki skulu allar framkvæmdir utan sérafnotareita falla vel að landslagi og ekki ganga óþarflega á græn svæði.





## Niðurstaða:

Ósk um breytingu á deiliskipulagi verður ekki tekin til skoðunar án samþykkis lóðarhafa. Jafnframt er það mat skipulagsfulltrúa að umrædd framkvæmd gangi á græn svæði og falli ekki vel að náttúrulegu landslagi svæðisins.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

## F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hrönn Valdimarsdóttir